

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 312

febrúar 2019



We Serve



Febrúar 2019. Blað nr. 312
 THE LION IN ICELANDIC
 Fjölumdaemi 109
 Multiple District 109 Iceland
 Opinbert málagn Lions Clubs
 International, gefið út í umboði
 alþjóðastjórnar Lions á tuttugu
 tungumálum: Dönsku, ensku,
 farsí, finnsku, flæmsku, frönsku,
 grísku, hollensku, íslensku,
 ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku,
 norsku, portúgölsku, spænsku,
 sænsku, tælensku, tyrknesku og
 þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út
 í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109
 Tímarið Lion kemur út sex sinnum á ári,
 fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í
 netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í
 netútgáfu.

Lionskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201
 Kópavogur er opin alla virka daga frá
 kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122
 e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is
 Skrifstofustjóri: Kolfinna
 Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109
 Starfsárið 2018 – 2019
 Fjölumdaemisstjóri: Björg Bára
 Halldórsdóttir, Lkl. Rán.
 Umdæmisstjóri 109A: Geirþrúður F.
 Bogadóttir, Lkl. Aesa.
 Umdæmisstjóri 109B: Sigfríð
 Andradóttir, Lkl. Búðardals
 Fjölumdaemisritari: Guðmundur Helgi
 Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.
 Fjölumdaemisgjaldkeri: Stefán Árnason,
 Lkl. Vitaðsgjafi.
 Fráfarandi fjölumdaemisstjóri: Jón
 Pálmason, Lkl. Víðarr
 Vara fjölumdaemisstjóri: Ellert
 Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.
 Protokol- og þingsstjóri: Kristinn
 Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.
 Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Víðarr
 Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Björn Guðmundsson,
 Lkl. Hæng.
 Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,
 Lkl. Fjörgyn.
 Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell
 Cýrusson, Lkl. Búðardals.
 Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,
 Lkl. Vitaðsgjafi.
 GLT stjóri (menntun og
 leiðtogaþjálfun): Halldór
 Kristjánsson, Lkl. Ásbirni.
 GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):
 Jón Gröndal, Lkl. Njörður.
 GMT/konur í Lions: Hrunð
 Hjaltadóttir, Lkl. Fold
 GST stjóri: (verkefni) Pálmi
 Hannesson, Lkl. Garði.
 NSR-AU nefndarmaður: Jón
 Pálmason, Lkl. Víðarr
 Alþjóðaforseti Lions: Guðrún Björt
 Yngvadóttir, Lkl. Eik.

Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,
 Lkl. Úa.
 Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni
 Þorsteinsson fyrrv.
 alþjóðastjórnarmaður,
 Lkl. Mosfellsbæjar.
 Hjálparstjóri: Kristinn G.
 Kristjánsson, Lkl. Hveragerðis.
 Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís
 Þorsteinsdóttir, Lkl. Aesa.
 Laganefnd (form.): Gissur Júní
 Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar
 LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,
 Lkl. Mosfellsbæjar.
 Lions Quest stjóri: Hrunð Hjaltadóttir,
 Lkl. Fold
 MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,
 Lkl. Eik.
 MedicAlert gjaldkeri: Margrét
 Jónsdóttir, Lkl. Fold
 MedicAlert ritari: Anna Kristín
 Gunnlaugsdóttir, Lkl. Fold
 Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,
 Lkl. Ylfa.
 Formaður Kjaransorðunefndar. Kristín
 Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.
 Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
 Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.
 Skoðunarmaður (aðal): Benjamín
 Jósefsson, Lkl. Akranesi.
 Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.
 Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.
 Skoðunarmaður (vara): Kristín
 Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.


Fjölumdaemisstjórn:



Björg Bára Halldórsdóttir,
 fjölumdaemisstjóri. Björg
 Bára er félagi í Lions-
 klúbbum Rán. Ef þú
 þarft að hafa samband við
 hana þá er netfang
 hennar: bjorgbaru@
 simnet.is



Geirþrúður Fanney
 Bogadóttir, umdaemisstjóri
 109 A. Geirþrúður er
 félagi í Lionsklúbbi Asum.
 Ef þú þarft að hafa
 samband við hana þá er
 netfang hennar:
 gfb@ismennt.is



Sigfríð Andradóttir,
 umdaemisstjóri 109 B.
 Sigfríð er félagi í Lionsklúb
 Búðardals. Ef þú þarft að
 hafa samband við hana þá
 er netfang hennar:
 sigfrida@simnet.is

Varaumdaemisstjóri 109A: Jóhanna
 Thorsteinsson, Lkl. Eir
 Varaumdaemisstjóri 109B: Bragi
 Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar
 Varaumdaemisstjóri (annar) 109A:
 Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur.
 Varaumdaemisstjóri (annar) 109B:
 Guðjón Andri Gylfason, Lkl. Hængur.

Mark S. Lyon,
 Heimo Potinkara,
 JP Singh,
 Steve Thornton,
 Juswan Tjoe,
 A. Geoffrey Wade,
 Dr. Walter Zemrosser.

Frankvæmdastjórn:
 Lionshreyfingarinnar 2018 – 2019:
 International President: Guðrún Björt
 Yngvadóttir Ísland
 Immediate Past President: Naresh
 Aggarwal Indland
 First Vice President: Jung-Yul Choi
 Suður Kórea
 Second Vice President: Haynes
 Townsend, USA
 Third Vice President: Brian E. Sheehan,
 USA

Second Year Directors:
 Doo-Hoon Ahn,
 Sandro Castellana,
 Hastings E. Chiti,
 William Galligani,
 Thomas Gordon,
 Nicolás Jara Orellana,
 Ardie Klemish,
 Alice Chitning Lau,
 Connie Leclair-Meyer,
 Virinder Kumar Luthra,
 Datuk K. Nagaratnam,
 Don Noland,
 Regina Risken,
 Yoshio Satoh,
 Patricia Vannett,
 Gwen White.
 Nicholas Xinopoulos/Jennifer Ware
 Jaepung Yoo

First Year Directors:
 Muhammad Adrees,
 Qazi Akram Uddin Ahmed,
 Shoichi Anzawa,
 Billy J. (B.J.) Blankenship,
 Gary F. Brown,
 Rodolfo Espinal,
 Liao-Chuan Huang,
 Jongseok Kim,
 Dr. Nawal Jugalkishor Malu,
 Geoffrey Leeder,

Upplag: Netútgáfa
 Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
 Forsíðumynd: Lionsfélagar planta
 trjám.



Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er fjórða tölublað þessa starfsárs komið út sem netblað.
 Greinar frá klúbbum og félögum eru fáar að þessu sinni, líklega er starfið réttthafið eftir jólafrí og fátt borið á góma
 sem vert er að fjalla um í blaðinu okkar. Umdæmisstjórnaráð ákvað að fresta útgáfu þessa blaðs um tvær vikur vegna
 fjölumdaemis- og umdaemisfundar sem voru 23. febrúar. Á þeim fundum verður endanlega teknað ákvarðanir varðandi
 „Rauða fjöður“ og það þarf að kynna fyrir félögum tilhögun hennar. Grein er því í þessu blaði um hana og bið ég félaga
 um að kynna sér vel efni hennar.

Ég vænti þess að fleiri greinar verði í næsta blaði en það verður bæði prentað blað og gefið út á neti.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Skilafrestur á efni í næsta blað er 21. mars

Haldið uppá listina að „leggja lið“ í Mílanó

Pistill Alþjóðaforseta



Þegar ég hugsa um Ítalíu, þá hugsa ég um góðan mat, fallett landslag og fjölbreytt úrval af góðu fólki. Ítalskir Lionsfélagar sem samanstanda af meira en 1.300 klúbbum með yfir 40.000 félögum opna dyr sínar fyrir Alþjóða Lionssamfélaginu í júlí, og ég vona að við getum hist þar.

Mílanó á sér sérstaka sögu fyrir að hafa fóstorað sköpunargleði og hugvitsemi. Heimaborg Leonardo DaVinci og Michelangelo, gerir þetta að ákjósanlegum stað fyrir Alþjóðaföringjöld á þessu ári og til að halda uppá endurnýjun þjónustunni okkar.

Alþjóðaföringjöld er sérstakt augnablik til að taka okkur öll smá hvíld til að koma saman og rabba um hvað við höfum gert sem Lionsfélagar á liðnu ári og hvað við vonumst til að geta gert á þessu ári. Þarna getum við séð og fundið hvað það er að vera hluti af Alþjóðasamtökum Lions.

Þó ekki geti allir Lionsfélagar tekist þessi ferð á hendur, þá verða samt allir Lionsfélagar miðpunktur í viðburðum ársins. Við munum leita leiða til að sameina vinnu allra sem hafa þjónað með ástríðu og hugmyndafræði og gert okkur að því sem við erum. Ég held sannarlega að Lionsfélagar séu meðal þeirra hugmyndafræðikustu í heiminum til að leysa vandamál, og hvert ár sem ég eyði í þessu samfélagi er mín

eigin hvatning til framtíðarþjónustu og hvetur til dáða við þau vandamál sem bíða lausnar. Ég hlakka til að halda uppá listina að „leggja lið“ í Mílanó.

Ykkar,

Guðrún Björt Yngvadóttir
Alþjóðaforseti Lionsshreyfingarinnar

Þýðing: Geir Hauksson



Starfið í haust



Ágætu Lionsfélagar.

Við stýrnar höldum uppteknum hætti og stöndum saman að skrifum í blaðið.

Til gamans má geta þess að við höldum nýlega okkar fyrsta „stýrufund“ á starfsárinu, þar sem við vorum allar í sama rými. Stýrufundir hafa hingað til, bara verið haldnir á skype. En í byrjun febrúar hittumst við í Ólafsvík á heimili fjölmaldæmisstjóra og funduðum allan daginn. Það var gaman og gott að hittast en skype-fundirnir hafa samt virkað mjög vel, það er hentugt að nýta þessa einföldu og frábæru tækni, spara og stuðla að umhverfisvernd í leiðinni.

Opinber heimsókn

Eins og kunnugt er, kom Guðrún Björt alþjóðaforseti til landsins í opinbera heimsókn 28. – 30. nóv. s.l. Dagskráin var tvíþætt, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar norðan heiða, í Eyjafirði. Allt gekk að óskum fyrir sunnan en svo skall á stórhrið og það varð með öllu ófært norður. Unnið hefur verið í því að finna tíma til að Guðrún geti lokið opinberu heimsókninni til Íslands, það er að segja að hún komist norður. Niðurstaðan er miðvikudagurinn 17. apríl. Dagskráin verður þó mun styttri og einfaldari í sniðum en áætlað var í nóvember, sú dagskrá var mjög metnaðarfull og tókst í alla staði vel, ef undan er skilið að alþjóðaforseti komst ekki norður.

Leiðtogaskólinn

Leiðtogaskólinn var haldinn 15. – 17. febrúar s.l. Skólann sóttu 26 Lionsfélagar víðsvegar að af landinu, hæfileikaríkt fólk sem við rennum hýru auga til varðandi leiðtogastörf í framtíðinni. Sú breyting hefur átt sér stað að skólinn er nú aðeins eina helgi, frá föstudegi til sunnudags. Það fyrirkomulag virðist henta vel og trúlega komið til að vera. Það er gríðarlega mikil vinna hjá þeim kennurum sem koma að skólanum, þriggja daga kennsla auk undirbúnings, allt sjálfböðavinna eins og öll önnur Lionsstörf. Við kunnum þeim bestu þakki fyrir.

Gleraugnasöfnun.

Gleraugnasöfnunin gekk vonum framar, en alls söfnuðust rúmlega 6000 gleraugu. Svæðisstjórar og klúbbar sendu gleraugun í Lionsheimilið en einnig fengum við góðan stuðning frá Echo ehf., heildverslun, sem gaf talsvert magn af nýjum gleraugum í söfnunina og viljum við færa Bryndísi Helgu Jónsdóttur, eiganda Echo ehf., bestu þakki. GST- teymið (verkefnateymið) óskaði eftir því við Lkl. Kópavogs að klúbburinn tæki

að sér að sjá um lokafrágang og talningu, ásamt því að koma sendingunni í skip. Þeir eru kunnugir þessum málum, félagarnir í Kópavogsklúbbnum, gerðu þetta á árum áður. Búið er að pakka, fá tilboð í frakt og í næstu viku fer sendingin fer af stað til Danmerkur. Þar taka danskir félagar okkar við gleraugunum og koma þeim ásamt sinni söfnun til nýrra eigenda í Afríku.

Vinnustundir við gleraugnasöfnunina ásamt öllum öðrum verkefnum sem unnin eru undir merkjum Lions þarf að skrá í verkefnaskýrslur. Við höfum beðið GST um að ýta á og aðstoða klúbba við skýrsluskil því þar er víða pottur brotinn. Það er ekki nóg að vinna og vinna ef enginn veit hvað við erum að gera.

Endurskoðun

Það eru nokkur ár frá því að Handbókin var yfirfarin og því tímabært að fara í þá vinnu. Við báðum hvert teymi að yfirfara sína starfslýsingu og gera athugasemdir. Það gekk mjög, flestir búnir að skila og nú er að hefjast vinna við lokafrágang á handbókinni sem síðan verður aðgengileg á lions.is. Einnig er hafin vinna við að uppfæra íslensku gögnin í nýliðamöppunni. Við höfum falið GMT teyminu að sjá um það og óskað eftir að það verði gert árlega. Það nægir að hafa eitt blað í möppunni með nauðsynlegustu upplýsingum og vísa svo á lions.is, MyLion og Lions Magazine Ísland. Upplýsingaskjalið (yfirfarið) sem nú er í möppunni á frekar heima á lions.is heldur en á pappír. Við þurfum að huga að umhverfisstefnu okkar og minnka pappírnotkun.

Við höfum verið að leita leiða til að lækka kostnað við Lionsþingið, velt við mörgum steinum og haft í huga að margt smátt gerir eitt stórt. Með því að stytta þingið og lækka þannig kostnað vonumst við til að fá fleiri þátttakendur.

Framboð

Það er sérstaklega ánægjulegt að geta sagt frá því að við höfum fengið framboð í embætti 2. varaumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2019-2020. Lionsklúbburinn Eir býður fram Þóru Bjarneyju Guðmundsdóttur núverandi svæðisstjóra og Lionsklúbburinn Ylfa býður fram Önnu Blöndal sem nú starfar sem fulltrúi B-umdæmisins í teyminu GMT-konur í Lions. Einnig hefur Björn Guðmundsson, Lkl. Hæng, boðið sig fram til varafjölmæmisstjóra starfsárið 2019-2020.

Það er enn ekki búið að skipa varasvæðisstjóra á öllum svæðum. Vonandi lýkur þeirri vinnu á allra næstu dögum. Að fenginni reynslu hvetjum við núverandi svæðisstjóra og varasvæðisstjóra til að bíða ekki langt fram á vorið með að fá varasvæðisstjóra fyrir næsta starfsár. Okkar stefna er að 1. júlí, ár hvert, sé búið að skipa í þetta embætti.

Við viljum nota þetta tækifæri og skora á Lionsféлага að gefa kost

á sér í embætti, í klúbbum, á svæðum og í umdæmunum. Það er þroskandi og skemmtilegt að takast á við áskoranir sem fylgja nýjum störfum.

Félagamál

Það hefur gengið á ýmsu í félagamálunum. Í A-umdæminu hefur félögum fækkað og vantar 20 féлага til að umdæmið teljist löggilt. Nú er unnið markvisst að félagafjölgun, undir forystu Jóns Pálmasonar, GMT fulltrúa. Hann, ásamt svæðisstjórum og formönnum klúbba á höfuðborgarsvæðinu skoða leiðir til að fá inn nýja féлага.

Í B-umdæminu hefur félögum fjölgað og munar þar mestu um nýja kvennaklúbbinn í Eyjafirði, Lkl. Sif.

Af gefnu tilefni viljum við ítreka að það er ekki mætingaskylda á fundi. Ef félagi greiðir gjöldin sín en getur ekki mætt á fundi, af einhverjum ástæðum, þá á EKKI að skrá viðkomandi féлага út.

LCIF

Eins og fram hefur komið er eitt af markmiðum okkar að allir Lionsklúbbar á Íslandi styrki LCIF, 50 ára afmælisbarnið okkar. Átakið „Campaign 100“ kallar einmitt eftir 100% þátttöku. „PoKinn“ góði hefur gengið á flestum fundum og er ávallt tekið með bros á vör. Við hvetjum alla klúbba að vera búnir að ganga frá framlögum sínum til LCIF fyrir Lionsþingið okkar í apríl. Það væri frábært fyrir okkur Lionsféлага að geta tilkynnt um 100% þátttöku klúbba á Íslandi, landi alþjóðaforseta Lions!

Góugleði / New Voices


Góugleðin verður að vanda, á alþjóða degi kvenna þann 8. mars, í Haukahúsinu í Hafnarfirði. NewVoices fulltrúarnir koma sterkir inn í undirbúningsstarfið.


Kynning á konum í Lions, í tengslum við NewVoices, verður haldin 8. mars á Akureyri. Undirbúningur gengur mjög vel og m.a. er N4 sjónvarp tilbúið í samstarf um innslag í föstudagsþáttinn þann 8. mars.

Það er gaman að segja frá því að Ólöf Ingibergsdóttir, Lkl. Eden í Hveragerði, komst í undanúrslit í New voices samkeppninni um besta framlagið. Það voru valdar 32 New voices í heiminum, þar af fjórar frá Evrópu og Ólöf var ein af þeim. Frábær árangur hjá henni, við erum afar stoltar af okkar fulltrúa.

NSR

NSR, Norðurlandþing Lions var haldið í Noregi í janúar. Við stýrnur og varastjórnin, þau Ellert Eggertsson, Jóhanna Thorsteinson og Bragi Ragnarsson, fórum á þingið en einnig sátu þingið, Kristinn Hannesson,





fulltrúi í alþjóðastjórn Lions og Jón Pálmason, fulltrúi okkar í samstarfsnefnd Norðurlanda. Á þinginu voru ýmis hefbundin mál rædd og farið yfir þau verkefni sem Norðurlöndin vinna sameiginlega. Ástæða þess að svo margir leiðtogar fóru á þetta þing er að þarna var vinnustofa um framtíð NSR. Sú umræða var góð og komu fram margar góðar tilögur. Eitt af því sem er verið að skoða er sameiginleg heimasíða og fleiri nýjar hugmyndir.

Samnorrænu verkefni eru núna tengd sýrlensku flóttafólki og er unnið í tveimur löndum. Verkefni nefnast „Gleymdu börnin“ og halda Svíar utan um verkefnið í Tyrklandi og Norðmenn í Líbanon. Jón Pálmason OC fulltrúi er búinn að setja upplýsingar um Norðurlanda-samstarfið inn á innri vefinn okkar og við hvetjum alla Lionsfélaga að kynna sér þessi verkefni.

Umdæma- og fjöllumdæmisfundir

23. febrúar voru haldnir umdæma- og fjöllumdæmisfundir. Stuttir umdæmisfundir voru um morguninn og kl. 11- 15.30 var sameiginlegur fundur fjöllumdæmisstjórnar og umdæmisstjórnanna beggja. Mæting var góð og miklar umræður og málefnalegar.

Alþjóðastjórnarfundur

Hefð er fyrir því að einn fundur alþjóðastjórnar á hverju starfsári sé haldinn í heimalandi alþjóðaforseta og því verður alþjóðastjórnarfundur haldinn í Reykjavík í fyrstu vikunni í apríl. Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning undir forystu Daníels Þórarinssonar, PCC, og ótal margir Lionsfélagar koma að þessu skemmtilega og einstaka verkefni í íslenski Lionssögu.

Rauð fjöður

Það verður í nógu að snúast hjá okkur Lionsfélögum í byrjun apríl, því dagana 6.-7. apríl verður landssöfnunin „Rauð fjöður“. (Sjá grein BG hér í blaðinu).

Einn þriðji

Nú eru 2/3 hlutar starfsársins liðnir og það er stórkostlegt að fylgjast með öllum þeim fjölbreyttu verkefnum sem Lionsfélagar um land allt, hafa verið að vinna og það er frábært að fá að vera þátttakandi í því mikla ævintýri sem Lionsstarfið er. Síðasti þriðjungur starfsársins er framundan með ótal tækifærum fyrir okkur Lionsfélaga, til að halda áfram „að leggja lið“.

Bestu kveðjur,
Björg Bára, Geirþrúður og Sigfríð.



Ný tækifæri fyrir heimilislausa í Salzburg

eftir Jamie Koningsfeld

Maður nokkur bjó í litlu skýli fyrir heimilislausa. Þar voru engin húsgögn, fyrir utan rúmdýnu á gólfu, og engin sturta. Fyrir þetta greiddi hann 500 evrur á mánuði.

Í dag býr hann í nýrri íbúðablokk sem hæfir betur sem mannabústaður.

Blokkin sem er byggð samkvæmt húsnæðisáætlun Salzburg í Austurríki, gefur 55 heimilislausum einstaklingum tækifæri til þess að skapa sér nýtt líf í samfélaginu. Íbúðirnar eru fullbúnar húsgögnum, að hluta fyrir tilstuðlan Lions og LCIF, og fluttu fyrstu íbúarnir inn 1. október 2018.

Í skýrslu frá 2017 sem gerð er á vegum FEANTSA (evrópsk frjáls félagasamtök (NGO) til hjálpar heimilislausum), er upplýst að yfir 1700 manns í Salzburg og nágrenni eru heimilislausir, þar með talin 270 börn. Fram kemur í skýrslunni að fólkið býr ýmist í sambýlum, hjá vinafólki, í bráðabirgðahúsnæði, skýlum, farfuglaheimilum eða það á hreinlega hvergi höfði sínu að halla.

Salzburger Studentenwerk (NGO) lét reisa 55 íbúða blokk þar sem fólk getur búið í allt að 36 mánuði jafnframt því sem það fær aðstoð við að sjá um sig sjálft og að leita sér að vinnu. Byggingin var fjármögnuð að hluta með framlagi frá Salzburg-héraði og frjálsum framlögum og að hluta með bankaláni. En þá vantaði peninga fyrir húsgögnum. Lions- og Rotaryklúbbar í Salzburg tóku höndum saman og keyptu nauðsynleg húsgögn í íbúðirnar auk þess sem Lionsklúbbarnir í umdæmi 114-W tryggðu styrk frá LCIF að upphæð 50.000 USD. Íbúarnir kosta sjálfir rekstur íbúðanna.

Í septemberlok lágu fyrir 170 umsóknir um búsetu og þegar byggingin var formlega tekin í notkun 16. október var þegar flutt í tvo þriðju íbúðanna 55 sem stóðu til boða.


Hansjörg Brunner, formaður verkefnisins, segist ánægður með öryggið sem þetta fyrirkomulag bjóði íbúunum uppá; þetta sé verkefni sem henti Lions einstaklega vel. Hann segist stoltur ekki aðeins vegna fjárhagsaðstoðar Lions og LCIF, heldur einnig vegna viðbótaraðstoðar sem fengist hafi í gegnum tengslanet þeirra í Salzburg.

Þetta nýja búsetuúrræði gæti ekki komið á heppilegri tíma, þar sem mjög kólnar í Salzburg á þessum tíma árs. Íbúarnir búa á öruggum stað um leið og þeir fá hjálp við að leita sér að fastri atvinnu og framtíðarhúsnæði með aðstoð Lionsfélaga.

Þetta átak, Campaign 100, á eftir að hjálpa u.þ.b. 100 manns á þriggja ára tímabili, að hluta til fyrir tilverknað LCIF.

Á vefsíðu LCIF.org/BE100 má fræðast frekar um verkefni sem taka á vandamálum þeirra samfélagshópa sem minnst mega sín, s.s. aldraðra, fatlaðra ofl.

Þýðing: Edda Briem



Munið minningarkort Lions
Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu
Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

NSR janúar 2019

Þriðju helgi í janúar 2019 var haldið Norðurlandþing Lions NSR á Gardermoen. Þingið var vel heppnað og sæmilega sótt. Á þingið fóru Björg Bára Halldórsdóttir fjölumdæmisstjóri, Geirþrúður Fanney Bogadóttir umdæmisstjóri A, Sigfrid Andradóttir umdæmisstjóri B Jóhanna Thorsteinsson vara umdæmisstjóri A, Bragi Ragnarsson vara umdæmisstjóri B. og Ellert Eggertsson VCC. Auk þessu sóttu þingið Kristinn Hannesson fulltrúi í alþjóðastjórn, Jón Pálmason fulltrúi í samstarfsnefnd norðurland. Þau voru öll með förunauta með sér.


Þar voru ýmis hefðbundin málefni rædd og farið yfir þau verkefni sem norðurlöndin vinna sameiginlega. Hægt er að fara á innri vefinn og finna fundargerðir og fleira. <http://www.lions.is/innri/fjolumdaemi-109/malefni-nordurlanda>

Ástæða þess að svo margir leiðtogar fóru á þetta þing að þarna átti að ræða framtíð NSR. Sú umræða var góð og komu fram margar góðar tilögur. Nánar verður fjallað um þær í næstu skýrslu fyrir þing.

Mikilvægt er að alþjóðasamskiptastjórar fari að stinga saman nefjum en engin þeirra kom á NSR þingið nema sá frá Danmörku. Þeir þurfa að vera komnir með tillögu að verkefnum næstu ára fyrir haustið þannig að hægt verði að leggja þær fyrir fund fjölumdæmisstjóra á Evrópuþingi.



Á þinginu voru Íslenskir Norðmenn, þau Ole Fjeldtvedtog kona hans Astrid Sorli Fjeldtvedt, Alf-Erling Isaksen og kona hans Britt Elin Hætta Isaksen. Þau hafa mætt trúföst á öll alþjóðþing frá því að þegar Guðrún Björt bauð sig fram til alþjóðaforsetaheðradir fyrir stuðning þeirra við framboð og embættisverk Guðrúnar Bjartar sem alþjóðaforseta. Kristinn Hannesson flutti þeim kveðju Guðrúnar.



Lionsklúbburinn Eden Hveragerði

Við fengum svo frábæra heimsókn frá henni Ernu Kristínu sem gaf út bókina „Fullkomlega Ófullkomin“ á síðasta fundi. Þar sátum við og glugguðum í bókina og spjölluðum um hvers vegna hún fór í þessi skrif. Hún er að útskrifast sem guðfræðingur og hefur sjálf verið að berjast við bulemíu og fannst hún aldrei vera nógu grönn eða sæt eða vel vaxin. Það hvatti hana áfram ásamt því að heyra fleiri með sömu reynslu. Frábær og þörf umræða og vonandi tekst okkur að útrýma þessari útlitsdýrkun.

Þökkum Ernu Kristínu kærlega fyrir komuna og fróðleikin. Mjög góð bók fyrir allan aldur og kyn.

Kveðja Ólöf Lkl. Eden



Alþjóðastjórnarfundur Lions í Reykjavík

Dagana 3. – 6. apríl heldur alþjóðastjórn Lions fund í Reykjavík. Það er venja að halda einn af fjórum stjórnarfundum ársins í heimalandi alþjóðaforsætans ef það er mögulegt vegna hótélrýmis, fundaaðstöðu og kostnaðar. Það var því ekki sjálfgefið að alþjóðastjórnin myndi halda fund hér á forsetaári Guðrúnar Bjartar.

Aðdragandinn

Það þarf að sækja um að halda alþjóðastjórnarfundum Lions með löngum fyrirvara, ekki ósvipað því þegar borgir bífast um að halda Ólympíuleika. Undirbúningur Lions á Íslandi til að sækja um að halda þennan fund hófst fyrir löngu síðan, í rauninni strax eftir að Guðrún var kjörin þriðji varaforseti sumarið 2015. Ljóst var að mjög þurfti að vanda til verka við undirbúning umsóknarinnar og fá til liðs þá aðila, sem bestir voru á þessu sviði hér á landi. Samstarf tókst við tvo aðila til að ganga frá umsókninni, annars vegar Ráðstefnuskrifstofu Reykjavíkurborgar, Meet in Reykjavík, sem kynnir Reykjavík með slagorðinu Let's Meet in the Middle og hins vegar Iceland Travel, sem bauð fram krafta sína til að skipuleggja alla þætti fundarins með alþjóðaskrifstofu Lions. Umsókninni fylgdu tvö mikilvæg bréf þar sem mælt var með því að fundurinn yrði haldinn hér. Annað var frá forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni og hitt frá borgarstjóra Reykjavíkur Degi B. Eggertssyni. Umsókn upp á 43 síður var send út seint í nóvember 2016, tuttugu og átta mánuðum áður en fundurinn skyldi haldinn.

Óvissa

Á tímabili var útlit fyrir að fundurinn yrði fluttur til Írlands vegna þess hve dyrt er að halda slíka fundi á Íslandi, en því tókst að forða og kom þar þrennt til. Áralöng reynsla í góðri samningatækni fulltrúa alþjóðaskrifstofunnar, Gary Serafini. Góðum ráðum þeirra hjóna Guðrúnar Bjartar og Jóns Bjarna hvar mætti sýna ráðdeild og sparnað. Og frábæru samstarfi við Helgu Láru Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra Iceland Travel um alla þætti stjórnarfundarins og dvalar stjórnarfélks, maka þeirra og starfsfélks alþjóðaskrifstofunnar hér á landi.

Aðkoma Lions á Íslandi

Enda þótt alþjóðaskrifstofan sjái um og kosti flest sem fram fer þá daga sem fundurinn stendur er ýmislegt sem Lionsfólk á Íslandi sér um og greiðir fyrir. Við skipuleggjum dagskrá fyrir maka stjórnarfélks þá fjóra daga sem fundir standa. Farið verður m.a. með makana í útsýnisakstur um Reykjavík, heimsókn í Mareg og Íslenska Erfðagreiningu. Miðborgin verður skoðuð og farið út á Granda enda er þar orðið fjölmargt áhugavert að sjá fyrir gesti. Fiskihöfnin, Sjóminjasafnið, Norðurljósasafnið, fjöldi lítilla og spennandi verslana og veitingastaða.

Skemmtiatriði.

Lions á Íslandi útvegar einnig stutt skemmtiatriði fyrir hádegisverði í makadagskránni og í fimm kvöldverði meðan alþjóðastjórnin fundar í Reykjavík. Gott samstarf tókst við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar um þátttöku ungs og uppnennandi listafólks. Má þar meðal annars nefna stórsveit skólans, bjöllukór, einsöng ungrar söngkonu, klarinethóp sjö stúlkna og þátttöku tveggja blindra söngvara og tónlistarmanna. Þá skemmtir Þjóðdansasfélag Reykjavíkur með undirleik harmonikkuleikara á kvöldverði í Hvalasafninu. Ekki er að efa að það atriði mun verða skemmtilegt á að horfa með dansþörin svífandi undir risahvöllum, sem hanga í loftunum. Síðast en ekki síst mun Lionsbandið (Árni B. Hjaltason, Björgúlfur Þorsteinsson og Þorkell Cýrusson) halda uppi fjörinu þegar

Lions á Íslandi býður öllum gestum fundarins og starfsfólki alþjóðaskrifstofunnar til kvöldverðar í Háteigi 4. apríl.

Kvöldveður í boði Lions á Íslandi

Sú hefð ríkir að Lionsklúbbar á því svæði eða landi þar sem alþjóðastjórnarfundir eru haldnir bjóði til kvöldverðar. Lions á Íslandi býður til kvöldverðar þann 4. apríl í salnum Háteigi á Grand Hótel Reykjavík. Alþjóðastjórninni er boðið ásamt mökum og starfsfólki alþjóðaskrifstofunnar sem kemur til fundarins. Áður en kvöldverðurinn hefst býður borgarstjórnin í Reykjavík öllum hópnum (ca. 190 manns) til fordrykkjar í Ráðhúsinu. Þaðan er svo haldið inn í Háteig þar sem boðið verður upp á það besta úr íslenski matargerð, lambafillet með tilheyrandi, léttsaltaður þorskur og grænmetisréttir fyrir þá sem það kjósa.

Margt verður til skemmtunar. Kór alþjóðastjórnar og kvartett taka lagið og Lionsbandið, sem var kynnt hér að ofan heldur uppi fjögurum dansleik í lokin.

„Verið velkomin“ poki

Annað, sem Lionsfólk undirbýr, er „Verið velkomin“ poki fyrir stjórnarfélk og helstu starfsmenn Lions í Oak Brook. Meet in Reykjavík gefur myndarlega poka, sem nýttast ágætlega sem axlarpokar meðan á dvölinni stendur. Í pokann verða settar fjölmargar góðar gjafir. Þrír Lionsklúbbar munu leggja til gjafir. Lkl. Kolgríma gefur sjávarslípaða steina úr fjörunum austan Hornafjarðar, sem þægilegt er og róandi að láta velta í lófa sér. Lionskonur í klúbbnum Æsu í Njarðvík þrjúna og gefa eyrnaskjól handa öllum úr lopa, sem Istex gaf. Lkl. Hveragerðis gefur glasabakka með innbrenndu merki og nafni Guðrúnar alþjóðaforseta ásamt áletrun um alþjóðastjórnarfundinn. Fjöldi fyrirtækja gefa einnig gjafir í pokann. Ísey Skyr gefur skyr, Bláa lónið gefur öskju með Face Treatment kremum, Genís hf á Siglufirði gefur fallegar glerkrukkur með hylkjum af Benecta fæðubótarefni, sem reynsla bendir til að dragi úr hversdagslegum einkennum öldrunar eins og stirðleika, verkjum og þreytu. Bókin „Kroppurinn er kraftaverk“, sem ætlað er að efla jákvæða líkamsmynd barna og virðingu fyrir fjölbreytileika líkamsvaxtar verður í pokanum í enski útgáfu. OMNOM, lítil súkkulaðigerð í Reykjavík, gefur í pokann handgert súkkulaði, sem þeir framleiða. Þar verða einnig panorama póstkort frá fyrirtækinu Nýjar víddir ehf. Lions á Íslandi gefur eintak af pinna Íslands, sem dreift var á síðasta alþjóðaþingi. Þá verða í pokanum kort af Reykjavík og Laugardalnum. Ef fleiri fyrirtæki eða Lionsklúbbar vilja setja gjafir í pokann er rétt að setja sig í samband við umdæmisstjórana, sem koma þeim hugmyndum áfram.

Stuðningur

Tvennt var ljóst strax og samþykkt var að alþjóðastjórnarfundurinn yrði haldinn í Reykjavík. Annars vegar að það yrði krefjandi en skemmtilegt verkefni fyrir íslenskt Lionsfólk að kljást við og hins vegar að það yrði kostnaðarsamt. Um leið var ljóst að engan kostnað mætti greiða úr styrktarsjóðum klúbbanna. Fjárhagslegur undirbúningur hófst síðast liðið vor með veglegri kynningu í Hörpu á væntanlegu kjöri Guðrúnar. Mikill fjöldi einstaklinga, fyrirtækja, stofnana, Lionsklúbba og Lionsfélaga hefur síðan lagt málinu lið. Kostnaðaráætlun vegna móttöku alþjóðastjórnarinnar hljóðar upp á 2,4 milljónir. Enn vantar nokkuð upp á að ná endum saman. Ef þú vilt leggja málinu lið eru smá sem stærri framlög vel þegin. Bankareikningur verkefnisins er: Kt. 640572-0869 og reikningur 111-26-100230.

Sykursýki: Lions tekst á við þennan heimsfaraldur

eftir Cassandra Rotolo

Það var Dompke mikið áfall að greinast með sykursýki 2. Framundan var að breyta algerlega um matarræði og lífnaðarhætti. Það yrði ekki auðvelt, reyndar ein erfiðasta ákvörðun sem hann hafði tekið. Ef hann gerði það ekki yrði hann einn af þeim 400 milljónum sem berjast við sjúkdóminn.

Lions umdæmi 1-J hafði farið í samstarf við Edward-Elmhurst heilsustofnunina við að þróa forvarnir gegn sykursýki og nýtt lífsstíls verkefni. Þetta þróunarverkefni fékk 95.000 dollara styrk frá LCIF. Dompke og þúsundir annarra eiga nú betra líf fyrir tilstilli þessa verkefni.

Fyrirbyggjandi verkefni.

Sykursýki 2 er sjúkdómur þar sem virkni insúlíns í líkamanum er verulega skert. Langvarandi fylgikvillar geta verið hjarta- og æðasjúkdómar, heilablóðfalla, nýrnasjúkdómar og jafnvel missi útlíma. Enn einn fylgikvillinn stafar af skemmdum í æðum sjónhimnu og ljósnæmum vefjum í baki augans. Sjúkdómurinn hefur venjulega áhrif á bæði augun og kemur fram hjá einstaklingum sem hafa gengið með sykursýki í mörg ár. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni voru 108 milljónir með sykursýki 1980. 2014 segir stofnunin að þeir hafi verið orðnir 422 milljónir og og þeim fer enn fjölgandi.

Góðu fréttirnar eru þær að með breyttum lífsstíl er hægt að koma í veg fyrir sykursýki 2 og það er þar sem Lions hefur látið til sín taka.

Styrkir LCIF til sykursýki verkefna geta orðið allt að 250.000 dollarar. Yfirleitt er miðað við að verkefni styðji við fyrirbyggjandi meðferðir, fræðslu og bætt aðgengi að meðferð þar sem þörfin er mest. LCIF styður einnig baráttuna gegn sykursýki SightFirst verkefninu.

Á vefsíðunni lcif.org/Grants er mikið af upplýsingum um þá styrki sem hægt er að sækja um.

Lions hlustuðu á þörfina.

Verkefni sem hjálpaði Gompke aftur á rétta braut kallast Jupsstart your health og er sérstaklega sniðið að því að útvega lágtekju einstaklingum fræðslu, fyrst og fremst með forvarnir í huga en einnig hvað er til ráða eftir að hafa greinst með sykursýki. Lionsklúbbur í umdæmi 1-J lögðu einnig stórar fjárhæðir á



Einföld blóðsykursmæling getur greint sykursýki og þar með bjargað lífi. Fjölmargir klúbbur á Íslandi standa árlega fyrir blóðsykursmælingum í sinni heimabyggð.



Dompke heldur hér á buxunum sem hann notaði áður en hann byrjaði í "Jumpstart Your Health". Hann er óendanlega þakklátur Lionshreyfingunni fyrir að vera á lífi.



Lionsfélagar hafa einsett sér að bæta lífsgæði fólks um allan heim sem búa við sykursýki.

móti 95.000 dollara styrknum frá LCIF. Allir Lionsfélagar umdæmisins hafa fengið fræðslu og eru hvattir til að breiða út boðskapinn í baráttunni gegn sykursýki.

Ævintýrlegur árangur.

Það reyndi mikið á Dompke í breytingunum, en erfiðið var þess virði. Sjálfur hafði hann reynt ýmislegt en alltaf runnið á rassinn með það sem hann var að gera. Jupsstart your health var það sem hann þurfti og á ótrúlega skömmum tíma náði hann mun betri heilsu og hafði misst 50 kg.

„Allt í einu rann upp fyrir mér ljós. Betri næring, meiri hreyfing. Það er það sem þarf.

Jupsstart your health er ekki bara megrun. Það kennir manni breyttan lífsstíl. Fyrirlestrarir voru frábærir og efnið auðskiljanlegt. Takk Lions. Þetta bjargaði lífi mínu“ segir Dompke.

Látum til okkar taka í baráttunni gegn sykursýki.

Styrkir LCIF til sykursýki sýna að þeir geta gert gæfumuninn. Með stuðningi Lionsfélaga aum allan heim getur LCIF lyft Grettistaki. „Við erum að gera eitthvað sem skiptir máli. Verk okkar bjarga lífum fjölmargra einstaklinga og við erum bara rétt að byrja í baráttunni gegn sykursýki“ segir Jim Worden félagi í Lkl. Elmhurst.

Björgum börnum frá mislingum

Lionsklúbbur Seltjarnarness



Við félagarnir í Lionsklúbb Seltjarnarnes gáfum Grensásdeild Landsspítalans 24 tíma blóðþrýstingsmæli og búnað, sem hægt er að setja á fólk til að vera með á sér. Þá er hægt að lesa út hvernig blóðþrýstingur er hjá viðkomandi síðasta sóláhring á tölvuformi. Þetta tæki er nýtt og kemur sér vel fyrir deildina.

Á myndunum eru, Stefán Yngvason sviðstjóri lækninga á Grensás að taka við gjafabréfinu úr hendi Sigurðar Hall.

Á hópmynd eru frá vinstri: Ellen Þórisdóttir hjúkrunarfræðingur, Sigrún Garðarsdóttir yfirþjálf, Eiríksína Hafsteinsdóttir sjúkraþjálf, Stefán Yngvason sviðstjóri lækninga og frá Lions, Bragi Ólafsson formaður, Hjörtur Hannesson ritari, Sigurður Hall gjaldkeri.



Kveðja
Jón Páll Ásgeirsson
Lionsklúbb Seltjarnarnes



Minning + Elín Sigurbjörg Sigurðardóttir



Það er alltaf erfitt að horfa eftir góðum félag. Elín var ein af stofnendum Lionsklúbbsins Sunnu, Dalvík og var þar alla tíð. Hún var virkur og góður félagi sem alltaf var gott að leita til. Miðlaði hún reynslu og vísu til okkar sem yngri voru og var sérstaklega gaman að hlusta á hana þegar hún sagði okkur frá ljósmóðurstarfinu, sem var svolítið öðruvísi en það er í dag. Þar sem hún þurfti að vera að heiman jafnvel dögum saman, þrátt fyrir að vera sjálf með mörg ung börn. Við vorum stoltar af því að hafa svona fullorðna og glæsilega konu í okkar hóp, var hún búin að fá Melvin Jones æðstu viðurkenningu lionshreyfingarnar fyrir sín miklu og góðu störf, sem við þökkum henni fyrir hér.
Vottum aðstandendum innilega samúð.

Sunnusöngur:
Nú komum við systur hér saman á fund með sólskin og djörfung í hug. Við ætlum að eiga hér ágæta stund og andrúkið hefja á flug. Sýnum samtaka mátt berum höfuðið hátt, horfum djarfur á framtíðarbraut. Eflum frelsi og frið, veitum líðendum lið og líknum í sérhverri þraut.
(Halldór Jóhannesson)

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Sunnu Hólmfríður Jónsdóttir formaður

Lionsklúbbur Álftaness

Helstu viðburðir vetrarins 2018-2019 hafa verið:

Starfsárið byrjaði þann 20 september með stuttu golfmóti. Spilaðar 9 holu Texas scramble í norðaustan strekkingsvindi. Eiginlega roki. Síðan mætt króklöppnir í hátíðarsal Álftaness, þar sem hinn formlegi fundur hófst. Formleg stjórnarskipti höfðu ekki verið við lok síðasta starfsárs, þannig að þau fóru fram á þessum fundi.

Ferða og skemmtinefnd boðaði piltiferð sem haldið var í þann 29 september. Ferðast um Kjós, Hvalfjörð og Borgarfjörð. Skoðað hernámssafnið og bílasafn í Borgarnesi. Endað í dýrindis grillveislu hjá félagi Villa í bústað hans ofan við Borgarnes.

Kótelettukvöld var haldið laugardaginn 27. október. Staflar af kótelettum eins og fólk gat í sig látið. Bjarni töframaður sýndi nokkra af sýnum bestu spilagöldrum og síðan spilaði hann ásamt félagi sínum fram á nótt við talsverðan fögnuð gesta.

Jóla- og góðgerðardagurinn 1. desember. Eins og áður kom Lionsklúbburinn að þessum viðburði. Útvegaði borð til að setja upp í sal. Koma þeim á staðinn og aftur til baka. Var ásamt Lionsklúbbum Seylu við blóðsykursmælingar. Bingó eins og áður.

Skötuveislan, Þorláksmessu 23. desember. Einn stærsti viðburður klúbbsins og lang stærsta fjáröflunin. Mikil vinna á öllum félögum, bæði við undibúning og síðast en ekki síst sjálfa skötuveisluna á Þorláksmessu. Enn eitt metið í fjölda gesta. Á tímabili lá við að húsið spryngi utan af öllu. Trúlega um 750 gestir sem mættu í mat og sýndu ótrúlega þolinmæði þegar ofnar og uppþvottavél höfðu ekki undan. Þarna reyndi gríðarlega mikið á félagsmenn klúbbsins og virkilega gaman að



starfa með þessum mönnum við þessar aðstæður og sjá hvílíku Grettistaki þessir félagar geta lyft þegar á reynir.

Félagafundur hafa verið með hefðbundnu sniði. 7 fundir fyrir áramót, þar af tveir úti í bæ. Fyrirlesarar mættu á tvo fundi. Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur lýsti sínu helsta áhugamáli, hvernig loft og hafstraumar haga sér og hafa áhrif á okkur hér á Íslandi og reyndar um alla jörð.

Einn klúbbfélaganna Richard Hansen hélt fyrirlestur um sitt starf, flug og flugöryggi. Sýndi dæmi um hversu mikið öryggi í flugi hefur aukist, en einnig dæmi þar sem bilanir hefðu komið upp, hvernig reynslumiklir flugmenn leystu úr því og svo hvernig tekið var á því bæði innan hans fyrirtækis og svo hjá íhlutaframleiðanda og flugvélaframleiðanda.

Eins mættu þær á fund hjá okkur umdæmisstjórnarnir Geirþrúður Fanney Bogadóttir og Sigfríð Andradóttir.

Annar stærsti viðburður klúbbsins og sá næst veigamesti í fjáröflun, var síðan Þorra-blótið sem nú var haldið laugardaginn 9. febrúar. Klúbbfélagar mættu vel til allrar undirbúningsvinnu, setja upp borð, og bari, fatahengi, ljós, kæliskápa, sækja stóla og leirtau hjá Múlakaffi. Einnig mættu klúbbfélagar vel á sjálft Þorra-blótið, sem var trúlega með því besta undanfarin ár. Maturinn sem fyrr allveg frábær. Veislustjórn og grín í höndum hins hógværa Gísla Einarssonar og svo mikil dansgleði fram á nótt þar sem Hljómsveitin Brimnes lék fyrir dansi. Klúbbfélagar mættu svo vel á ný á sunnudagsmorgun til að ganga frá öllu og skila því sem skila þurfti. Ótrúlegir dugnaðarforkar þessir félagar okkar. Synd samt að gestafjöldi á þessu blóti var heldur minni en á því síðasta, því blótið var hreint allveg frábært.

Eins mætti á fundinn Geirþrúður Fanney Bogadóttir umsdæmisstjóri ásamt svæðisstjóra.

Svona eru upplýsingarnar á MedicAlert merkjunum

Neyðarnúmer

Einkennisnúmer

Sjúkdómur merkisbera

Einkennisnúmerið veitir læknum og hjúkrunarfólki aðgang að upplýsingum um sjúkling á tölvuskra Slysa- og bráðadeildar.

Góðir gestir hjá Lionsklúbbsi Hafnarfjarðar

Á síðasta fundi okkar í nóvember komu í heimsókn góðir gestir, þær Geirþrúður Fanney Bogadóttir umdæmisstjóri 109A og Anna Nílsdóttir, svæðisstjóri svæði 6. Umdæmisstjóri fór á léttum nótum um kynni sín af Hafnarfirði og íbúum bæjarins fyrr á árum. Vék síðan að Lions málum og minnti klúbbsfélaga á að Alþjóðaforseti, Guðrún Björt Yngvadóttir væri fyrsti Íslendingurinn og fyrsta konan í heiminum, sem hefði verið kosin í embættið. Kjörorð Guðrúnar Bjartar er reist á kjörorði Lions hreyfingarinnar „We serve“ eða „Við leggjum lið“ en Guðrún segir „We serve beyond“ eða „Við leggjum lið umfram og allstaðar“ Geirþrúður kom inná, að lögð sé áhersla á að vináttu eigi að ríkja á meðal félaga í klúbbum og tók fram að yfirbragð okkar klúbbs bæri þess greinileg merki að hér störfuðu félagamir vel saman í góðri vináttu. Geirþrúður kom einnig inná að LCIF Alþjóðahjálparsjóður Lions, fagnaði 50 ára afmæli á árinu og vill aukin stuðning klúbba í landinu við sjóðinn. LKH hefur á síðustu fimm árum greitt eina miljón krónur til sjóðsins og heldur þeim stuðningi áfram næstu árin. Umdæmisstjóri veitti viðurkenningu fyrir langt og farsælt starf í Lions hreyfingunni, þeim Geir Hauksyni, Ellert Eggertssyni, Magnúsi Ágústssyni og Gísla P. Gíslasyni fyrir 35 ára starf, Steinmóði Einarssyni fyrir 15 ára starf og Óskari Bjartmarz fyrir 10 ára starf.

Gunnar Stefánsson hefur um nokkur ár verið í sambandi við breskan mann að nafni John Leggett sem hefur verið mikill áhugamaður um allskonar Lions merki og söfnun á þeim, hann sendi Gunnari sérstakt merki sem hann gerði, í merkinu er mynd af Guðrúnu Björt og orðin „Our First Lady“. Mynd af þorski er einnig á merkinu ásamt Lions merkinu, og orðunum, Pin Traders og Celebrating, grunnur merkisins er kort af Íslandi, grænt að lit með silfurlitaðar strendur. Afhenti Gunnar umdæmis- og svæðisstjóra merkið, auk þess fengu nokkrir klúbbsfélagar það, Gunnar bað umdæmisstjóra að færa Alþjóðaforseta einnig þetta fallega merki sem gert er henni til heiðurs. Það er víðar en hér á landi sem Guðrún Björt er í uppáhaldi hjá Lions fólki og hafa konur meðal annars fjölmennt í hreyfingunni síðan hún var kosin Alþjóðaforseti. Við klúbbsfélagar erum afar stoltir af þessari konu og studdum vel við bakið á henni með góðum fjárframlögum á kosningarárinu.

LKH sendir öllu Lions fólki bestu óskir um gleði og hamingju á nýbyrjuðu Lions ári.

Friðgeir H. Guðmundsson
Formaður MCC



Umdæmisstjóri afhendir viðurkenningu fyrir langt og farsælt starf í klúbbum. Geirþrúður, Geir, Ellert, Magnús, Óskar, Steinmóður. Ívar tók við viðurkenningu fyrir Gísla Þór.



Fulltrúar frá Mæðrastyksnefnd þær Kristjana Ósk og Ásta taka á móti góðum styrk frá klúbbum.



Stjórn klúbbsins ásamt umdæmis- og svæðisstjóra.



Yngsti Lions félagi landsins, Úlfur Atlason ásamt Geirþrúði F. Bogadóttur.



Gunnar Stefánsson afhenti Ívari Þórhallssyni, Geirþrúði F. Bogadóttur og Önnu Nílsdóttur barnmerki með mynd af Alþjóðaforseta á Íslandskorti..



Geirþrúður umdæmisstjóri og Ívar formaður skiptast á fátum.



Geir Hauksson, Halldór Svavarsson, Björgúlfur Þorsteinsson, Gunnar Stefánsson og Ellert Eggertsson með Íslandsmerkið góða.



Ellert Eggertsson fráfarandi umdæmisstjóri 109A, afhenti Guðjóni Þóri Þorvaldssyni fyrrum formanni, Centennial Membership Award viðurkenningu fyrir fjölgun félaga á jólasemntun LKH í desember sl. Ívar Þórarinnsson, formaður er með þeim á myndinni.

Lionsklúbbur Grundarfjarðar

Á dögunum kom Grundfirðingurinn Amelía Rún Gunnlaugsdóttir í heimsókn á fund hjá Lionsklúbbi Grundarfjarðar og sagði frá ferð sinni til Austurríkis dagana 7.-27. júlí 2018 sem hún fór í boði Lionsklúbbanna á Snæfellsnesi.

Amelía Rún varpaði upp á tjald myndum frá ferðinni og sagði frá veru sinni í Linz með Lions-fjölskyldu í nokkra daga áður en hún fór í Sound of Music tónlistarbúðir Lions í Graz þar sem hún dvaldi í góðum hóp ungs tónlistarfólks í allskyns tónlistarstarfi. Hún fór í ótal dagsferðir um nágrennið og heimsótti m.a. Vín, Salzburg og Altaussee. En það sem stóð upp úr hjá henni var vinahópurinn sem myndaðist á meðan dvöl hennar stóð.

Við sem hlýddum á frásögn hennar hrifumst með í lýsingum hennar á þeim djúpu tengslum sem þetta unga fólk myndaði í gegnum sameiginlegt áhugamál. Það var svo mikið að gera og fjörið mikið að þau voru vansvefta allan tímann. Það var aldrei hangs, það var unnið frá morgni til kvölds með leiðbeinendum og Amelía lýsti því hvernig þekking hennar og áhugi í tónlistinni hefði sannarlega breikkað og dýpkað í tengslum og samvinnu við jafningja sína og nú vini. Eftir að ferðinni lauk hafa tengslin haldist og hún sagði okkur frá því að ekki líði sú vika að þau ræði eitthvað saman, hópurinn að hluta eða í heild. Svó á hún von á heimsókn til Íslands frá einum vini á vormánuðum.

Það var virkilega gaman að sjá og heyra hversu vel hafði tekist til í ferðinni. Það er okkur Lionsfólki í Grundarfirði mikið gleðiefni að ungmenni víðsvegar frá úr heiminum hafi getað átt og myndað jafn



sterkt samfélag á jafn stuttum tíma og jafnframt breikkað sjóndeildarhring sinn og heimsmynd. Orðið sannir heimsborgarar sem sýnir að þessi ungmennaskipti sem við sem Lionshreyfing stöndum í ber sannarlega ávöxt.

Adalsteinn Þorvaldsson, Lkl. Grf.



Umhverfiskorn – umhverfisverkefni

Á gæta Lionsfólk

Í framhaldi af pistli okkar í desemberblaðinu, þá ítrekar Umhverfisteymið þá tillögu sína, að Lionshreyfingin taki á næstu árum virkan þátt í fyrirhuguðu stórátaki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar við plöntun nytjaskóga. Ríkisstjórnin mun verja tæpum 7 milljörðum í þetta verkefni á næstu 5 árum.

Ofangreindar stofnanir hafa þegar skipulagt nokkur verkefni á suðvestur horninu, en gert er ráð fyrir að í kjölfarið verði kynnt verkefni um allt land. Verkefnisstjórar frá Skógræktinni munu stýra verkefnum og aðstoða klúbba við plöntunina og sjá um greiðslur fyrir vinnuna.

Umhverfisteymið mun fylgjast með framvindunni og koma nauðsynlegum upplýsingum til Lionsklúbbanna, svo sem hvernig verði hægt að hafa samband við verkefnisstjórana.

Eins og áður þá eru Lionsklúbbarnir hvattir til að huga að hreinsunarverkefnum í sínu nærumhverfi. Nú þegar fer að vora og snjóa tekur að leysa, þá vill koma ýmislegt

rul í ljós, sem nauðsynlegt er að hreinsa og koma í ábyrga förgun.

Og ekki má gleyma ströndum landsins, en það er verðugt verkefni að halda þeim eins hreinum og hægt er. Bæði geta klúbbar skipulagt sína eigin hreinsunardaga á nálægri strandlínu eða að taka þátt í stórum hreinsunaráttökum, sem Landvernd og Blái herinn skipuleggja á hverju ári. Búast má við slíkum hreinsunardögum í byrjun maí og eins í september og mun Umhverfisteymið fylgjast með þessum málum og koma nánari upplýsingum á framfæri eftir því sem við á.

Lionsfólk er því hvatt til að taka þátt í þessum verkefnum og gæta þess að vera vel merkt Lions, t.d. að vera í gulum vestum með Lionsmerkinu – þar sem það er til – eða með öðrum hætti. Eins er mikilvægt að koma fréttum af hreinsunarverkefnum á framfæri við fréttablöð svæðisins.

Fyrir hönd umhverfisteymisins, en í því eiga sæti auk undirritaðs, umhverfisfulltrúarnir Helgi Guðmundsson í Lionsklúbbnum Geysi fyrir 109A og Jón Heiðar Daðason í Lionsklúbbnum Hæng fyrir 109B.



Með kveðju
Halldór Rundólfsson Umhverfisstjóri Lions 109 MD
Lionsklúbbnum Fjörgyn

Lionsklúbburinn Múli Fljótshéraði



Lionsklúbburinn Múli á Fljótshéraði er stofnaður árið 1965 og er því á sínu fertugasta og áttunda starfsári. Stofnfélagar voru 54 en á seinustu áratugum hefur félagfjöldinn minnkað verulega og erfiðlega hefur gengið að fjölga í klúbbnum. Þó gengu nú í desember tveir nýir aðilar í klúbbinn. Félagar í klúbbnum eru nú 15 talsins. Starfsemi klúbbsins er frekar hefðbundin og breytist lítið milli ára þó eitthvað sé um nýjungar í starfinu. Fundarstaður klúbbsins er á Hótel Héraði, 1. og 3. miðvikudag mánaðarins.

Fjáraflanir og fastir liðir í starfinu

Helstu fjáraflanir klúbbsins eru: Útgáfa auglýsingadagatala, fyrirtæki á svæðinu kaupa auglýsingareiti á dagatali sem er síðan dreift á öll heimili á Héraði og einnig til fyrirtækja á svæðinu. Klúbburinn býður fólki að leigja leiðiskrossa og sér um uppsetningu þeirra í grafreitum um jólahátíðina.

Rekstur útfararbíreiðar í eigu klúbbsins er einnig þjónusta sem er mikilvæg fyrir samfélagið og nýtist vel.

Klúbburinn hefur undanfarin ár séð um jólaball í samstarfi við sveitarfélagið Fljótshérað. Fyrir jólin eru þeir sem dvelja á Hjúkrunarheimilinu Dyngju á Egilsstöðum heimsóttir og þeim gefið konfekt.

Klúbburinn hefur árlega tekið þátt í því, ásamt deild Rauða krossins á Héraði og fleiri aðilum á Austurlandi að leggja peninga í sjóð sem notaður er til að deila til þeirra sem lítið hafa handa á milli fyrir jólin. Bókagjöf er gefinn grunnskólum á Héraði til að nota sem viðurkenningu við skólaslit. Nú seinustu árin hefur verið boðið uppá blóðsykursmælingu í samvinnu við Heilsugæsluna á Egilsstöðum.

Í samvinnu við þrjá grunnskóla á Héraði er árlega haldin sveitakeppni í skák, klúbburinn



Inntaka nýrra félaga hjá Múla.



Heimsókn til Brunavarna á Héraði og styrkveiting.



Útfararbíreið Múla.

á veglegan farandbikar, Lionsbikarinn, sem keppt er um og gefur einnig þátttakendum, verðlaunaskjöl, verðlaunapeninga og eignabikar fyrir þann skóla sem vinnur hverju sinni.

Fréttir frá seinustu starfsárum.

Á seinasta starfsári voru Björgunarsveitinni á Héraði gefnir fjórir gallar sem nýtast við björgunars törf. Brunavarnir á Héraði voru styrktar veglega vegna kaupa á öflugum klippum til að klippa fólk úr bílum eftir umferðarslys. Ýmis önnur líknaerverkefni hafa verði styrkt og tæki gefin á heilsugæslustöð og dvalarheimili. Lionsklúbburinn Múli styrkir árlega einhverja íþróttastarfsemi á svæðinu.



Jólaball Múla.

Nú í upphafi árs var Íþróttafélagið Örvar sem er íþróttafélag fatlaðra á Héraði styrkt með peningagjöf.

Fulltrúi Múla í Las Vegas.

Lionsklúbburinn Múli átti einn fulltrúa á Alþjóðþinginu í Las Vegas s.l. sumar. Ágústína Hlíf Traustadóttir fór á þingið á vegum klúbbsins. Hún hélt kynningu, í máli og myndum, fyrir klúbbfélaga nú í upphafi starfsársins. Gaman var að fá að kynna þessum merka viðburði þegar Guðrún Björt tók við embætti alþjóðaforseta hreyfingarinnar, með vandaðri kynningu frá klúbbfélaga.

Lionsklúbburinn Eden


Frábær hugmynd er komin í framkvæmd. Eden konur gefa út dagbók fyrir árið 2019. Bókin er sérniðin fyrir lionsfélaga. Hún er sérmerkt fyrir hvern og einn og einnig er félagatal.

Skemmtileg bók með öllum merkisdögum Lions og í henni er pláss fyrir verkefni vikunnar og minnisblaði. Þetta er frábær gjöf til félaga eða fyrir þig sjálfan. Hægt er að senda tölvupóst á Ingibergsdóttir74@gmail.com til að fá pöntunarblað. Best er að einhver einn úr stjórn taki að sér að fá allar pantanir hjá klúbbnum. Því við þurfum félagaskrá frá hverjum klúbbi.

Frábært að byrja árið vel og hafa skipulag í lagi.

Kveðjur úr Hveragerði Inkl Eden

Ólöf Ingibergsdóttir formaður



Fréttir frá Lionsklúbbi Nespinga á Snæfellsnesi



Pór Magnússon segir frá lífsreynslusögu.



Happadrætti Lions á þorláksmessu.



Jáðarleikar með Lionsklúbbi Ólafsvíkur.



Grafartaka – þurfti að handmoka gröf.



Lionsmenn sem tóku gröf síðastliðið haust.

Lionsklúbbur Nespinga verður 50 ára á næsta ári en hann var stofnaður Lárið 1970. Móðurklúbbur klúbbsins er Lionsklúbbur Stykkishólms og voru stofnafélagar 28 en nú eru skráðir 32 félagar. Á síðasta starfsári var farið aðgerðir til þess að fjölga í klúbbum og var uppskeran góð. Eins og margir vita þá eru klúbbar sem þessi mikilvægur burðarliður í félagslífi bæjarfélaga á landsbyggðinni.

Starfsárið 2018-2019 hjá Lionsklúbbi Nespinga hófst með því að ný stjórn tók formlega við. Stjórnin er skipuð félögum sem hafa verið í klúbbum skemur en 2 ár og má því segja að kynslóðaskipti hafi orðið í stjórn klúbbsins. Eitt af fyrstu verkum klúbbsins var þátttaka í grafartöku í kirkjugarðinum á Ingjaldshóli en þar getur verið erfitt að beita gröfu. Í október var haldið kótiletukvöld í annað sinn í félagsheimilinu Röst á Hellissandi. Í nóvember kom Sigfríð Andradóttir umdæmisstjóri í 109 B á fund til okkar í sinn gamla heimabæ en hún ásamt eiginmanni sínum Porkeli Cýrussyni áttu heima á Hellissandi til fjölda ára og er ekki hægt anað en að kalla hana Sandara. Í lok nóvember var svo haldinn jólafundur með Lionklúbbum Pernunni en það er einnig í annað sinni sem það var gert. Lionsklúbbur Nespinga hefur árlega haldið happadrætti á Þorláksmessu og var engin undantekning í ár.

Ekki er happadrættið ætlað einungis til fjáröflunar í líknarsjóð heldur til þess að gleðja börnin í bæjarfélaginu. Í janúar var haldið hið árlega kúttmagakvöld en Lionsklúbbur Nespinga ásamt öðrum félögum halda það kvöld og hefur ágóðinn nær undantekningalaust runnið til starfsins á dvalarheimlinu Jaðri í Ólafsvík. Við í stjórn klúbbsins ákváðum í haust að koma á föstum dagskrárlið sem ber nefnið „lífsreynsla“. Þar segja félagar frá lífsreynslu og við byrjuðum á þeim sem eldri eru. Félögum finnst ánægjulegt að heyra sögur frá lífsreyndari mönnum sem sýna oft á sér aðrar hliðar. Undanfarnar vikur hefur svo skemmtinefnd klúbbsins verið að undirbúa Þorrablót sem haldið var 9. febrúar. Laugardaginn 16. febrúar komu svo Lionskl. Nespinga og Lionskl. Ólafsvíkur saman og sprelluðu í íþróttarhúsi Snæfellsbæjar í svo kölluðum jáðarleikum sem innihélt lauffléttar prautir. Það fór svo að varaformaður Lionskl. Nespinga, Örvar Ólafsson fór með sigur af hólmi og fékk farandbikar að launum. Eitt er ljóst að við sem störfum í hreyfingunni verðum að halda á lofti því góða verki sem unnið er í þágu umbóta í bæjarfélagum um allt land.

Stjórn Lionsklúbbs Nespinga

Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga



Lionsklúbburinn Þernan

Starfsárið hjá okkur hefur verið með hefðbundnu sniði það sem af er starfsárinu. Fórum við á samfund hjá Lkl. Hörpu í nóvember ásamt Ránar konum eins og venjulega, og var mikið stuð og mikið gaman. Lionskonur frá Grundarfirði mættu líka, en það er í fyrsta skipti og vonandi verður það áfram. Frábært að hafa þær með. Umdæmisstjórinn okkar Sigfríð Andradóttir heimsótti okkur ásamt eiginmanni sínum, Porkeli Cýrussyni, á nóvember fundinum og vorum við mjög glaðar að taka á móti þeim, við lítum nú alltaf á Sigfríð sem okkar. Jólafundurinn var haldinn með Lkl Nesþinga og var það vel lukkað. Sömuleiðis jólaball fyrir börnin á Klifi sem við tókum alltaf þátt í ásamt öðrum félögum. Við tókum þátt í blóðsykursmælingu með klúbbunum í Ólafsvík og Lkl.

Nesþinga og dreifðum litabókum um eldvarnir til 3. bekkinga í grunnskólanum ásamt Lkl. Rán og slökkviliði Snæfellsbæjar. Við héldum bingó til fjáröflunar og var mæting þar góð og tókst afar vel. Búið er að plana ferð til Prag í vor og er mikil tilhlökkun, því við erum minnugar þess hvað það var skemmtileg ferð sem við fórum til Ljubiljan. Klúbbfélagar eru 30. Okkar fasta fjáröflun eru þríf á Röst.

Með lionskveðju,
Arnheiður Matthíasdóttir



Blóðsykursmælingar Lionsklúbba á Íslandi starfsárið 2018 til 2019

Hvað er sykursýki. Sykursýki er efnaskiptasjúkdómur sem dregur nafn sitt af auknu sykursmagn í blóði. Orsök sykursýki er ekki þekkt og sjúkdómurinn er ólæknandi en með réttri meðhöndlun er hægt er að halda sjúkdómnum í skefjum og forðast fylgikvilla. Hvers vegna erum við að gefa Íslendingum kost á að fá blóðsykursmælingu. Þetta er eitt af 5 aðalverkefnum Lionshreyfingarinnar. Við höfum nú framkvæmt þetta á síðustu 10 árum með góðum árangri. Oftast er þessu vel tekið og þeir sem mælast ofan við ákveðin mörk er ráðlagt að leita til heimilislækna. Undirritaður veit um allmörg tilfelli sem leitt hafa til meðferðar á

sjúkdómnum. Í umdæmunum hafa Maria og Hörður unnið þrekvirki með að fá marga lionsklúbba til að bjóða upp á blóðsykursmælingar. Sjá samantekt frá þeim.

Í umdæmi A voru 3161 mældir og af þeim voru 60 sendir til frekari skoðunar.

Í umdæmi B voru 1521 mældir þar voru 117 yfir 7 í mælingu.

Jón Bjarni Þorsteinsson



Góugleði-gaman saman

Hátíð Lionskvenna og gesta þeirra verður haldin föstudaginn 8.mars 2019 og hefst klukkan 20:00 í Haukahúsinu Ásvöllum 1, Hafnarfirði húsið opið frá kl:19:30

Markmiðið er að eiga skemmtilega stund saman, kynnst, styrkja vinaböndin og kynna Lions fyrir vinkonum og/eða fjölskyldumeðlimum.

Við hvetjum allar Lionskonur til að fjölmenna og taka með sér gesti.

Eins og undanfarið er þetta ekki fjáröflun og miðaverði stíllt í hóf en hugsanlegur ágóði látinn renna til LCIF.



Veislustjóri:



Léttar veitingar



Skemmtiatriði:

Þórunn Lárusdóttir söng/leikkona

Rakel Pálsdóttir söngkona

Tónlist: Lionsfélagar

Opinn bar

Miðaverð: 4500 kr.

Aðgöngumiðinn er happdrættismiði.

Hvar fæ ég miða?

Með því að greiða inn á reikning

Nr. 0544-14-556440 kt:640572-0869

Merkja greiðsluna með nafni og klúbbi

Miðinn verður tilbúinn við innganginn

Upplýsingar gefur Hrund hrundhj@simnet.is

Sími 6635675

Fleiri konur í Lions - Nýjar raddir



Fleiri konur til leiðtogastarfa tókum Guðrúnu Björt okkur til fyrirmyndar

8.mars er alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Lionsklúbburinn Eik



Guðrún Björt Yngvadóttir og Laufey Jóhannsdóttir afhenda Önnu Nilsdóttur, Iðunni Gróu Gísladóttur og Auði Jóhannsdóttur Melvin Jones viðurkenningu á febrúarfundi.



Vorfagnaður í mars með heimilis- og starfsfólki á Ísafold. Þönnukökueisla, á heimsmealikvarða og Pálmar Ólason söng úr gömlum reotum og gamla slagara, sem allir gátu sungið með.



Eikarkonur fagna Guðrínu Björt í móttöku í húsakynnum Lionshreyfingarinnar 20. ágúst.



Frá vorferð í Landeyjum. Í stofunni hjá Ingibjörgu Steingrímisdóttur, viðtakandi formanni.




Við Akureyjarkirkju.



Í gróðurreitnum í Smalaholti.



Guðrún Björt ásamt nöfnu sinni.



Gestir klúbbsins Ellý Ingólfsson og Erla Doris Halldórsdóttir ásamt Ingibjörgu Steingrímisdóttur, formanni á fyrsta fundi starfsársins 18. september.



Guðrún Björt Yngvadóttir kosin alþjóðaforseti Lions 3. Júlí 2018.

Starfið hefur verið blómlegt í Lkl. Eik, þó að Snokkur tími sé liðinn frá síðustu grein. Við höldum upp á að 30 ár voru liðin frá því að við breyttum Lionessklúbbi í Lionsklúbbinn Eik þann 20. febrúar s.l.. Áður hefur komið fram, að við sinnum fjölmörgum verkefnum og við erum stoltar af framlagi okkar til forystuhlutverka kvenna í Lionshreyfingunni, t.d. átum við fyrsta umdæmisstjórnann, fyrsta fjölumdæmisstjórnann og fyrsta alþjóðaforsetann. Á þessum febrúarfundi voru gestir klúbbsins félagar úr Lkl. Seylu, Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, sem hélt fyrirlestur um kynjamyndir, sem birtast í auglýsingum. Einnig kom Guðrún Björt Yngvadóttir, þá verðandi alþjóðaforseti, sem er, eins og áður er nefnt, félagi í Eik. Í orðum sínum lagði Guðrún Björt áherslu á brautryðjendastarf klúbbsins og góða vináttu félaga. Hún sagðist benda á okkar klúbb sem fyrirmynd í erindum sínum erlendis. Við erum þakklátar fyrir hennar falletgu orð.

Laufey Jóhannsdóttir, formaður veitti, með aðstoð Guðrúnar Bjartar, þeim Önnu Nilsdóttur, Auði Jóhannsdóttur og Iðunni Gróu Gísladóttur Melvin Jones viðurkenningar.

Árleg heimsókn okkar í Hjúkrunarheimilið Ísafold var seinni partinn í mars. Hátt í 600 þönnukökur með sykri eða rjóma voru bakaðar fyrir þessa stórskemmtilegu vörveislu, þar sem sungið var og spjallað. Pálmar Ólason sá um skemmtiatriði og fjöldasöng og lék einnig á harmonikku.

Vorferð var farin 15. maí í heimsókn til verðandi formanns, Ingibjargar Steingrímisdóttur, en hún er flutt að Akureyri 3 í Landeyjum. Á leiðinni var handverk skoðað á Selfossi, komið við í Sögusetrinu á Hvolsvelli, þar sem Njálurefillinn var skoðaður og voru félagar mjög áhugasamir, en hann verður um 90 metrar að lengd fullsaumaður. Þar mætti Ingibjörg, varaformaður, og fylgdi okkur sem leið lá í Akureyjarkirkju, sem teiknuð er af Rögnvaldi Ólafssyni, arkitekt. Hún var reist 1912. Ingibjörg og eiginmaður hennar, Gunnar B. Salómonsson (Beggi), voru búin að setja upp stórt tjald með grillaðstöðu og klúbbnefndin bauð upp á dýrindis mat og Svanhildur Árnadóttir kitlaði bragðlaukana með súkkulaðiköku í eftirrétt. Þessum síðasta fundi

starfsársins lauk með stjórnarskiptum og Ingibjörg tók við formennsku. Einstaklega vel heppnaður dagur og skemmtilegur.

Farið var í hreinsunarferð í gróðurreitnum okkar í Smalaholti samkvæmt venju.

Þann 3. Júlí var brotið blað í sögu Lionshreyfingarinnar þegar Guðrún Björt Yngvadóttir var valin alþjóðaforseti, fyrst kvenna. Stór dagur á heimsvísu, stór dagur fyrir íslenska þjóð og stór dagur fyrir lítinn Lionsklúbb í Garðabænum. Við óskum henni hjartanlega til hamingju og velfarnaðar í krefjandi starfi. Lionshreyfingin á Íslandi fagnaði henni vel í húsakynnum hreyfingarinnar í móttöku, sem hún hélt 20. ágúst.

Fyrsti fundur nýs starfsárs var haldinn 18. september s.l.. Gestir klúbbsins voru mæðgurnar Ellý Ingólfsson og Erla Doris Halldórsdóttir, en hún hélt fyrirlestur um ótrúlegt lífshlaup móður sinnar, Ellýar. Heiti fyrirlestursins var: - Lífssaga konu, sem fæddist í Fríríkinu Danzig í Vestur-Prússlandi árið 1929-Áhrifamikil og fróðleg frásögn, sem lætur engan ósnortinn.

Á októberfundi var safnað gleraugum, undirbúningur hafinn fyrir blóðsykursmælingu, sem var svo framkvæmd í Hagkaupum í Garðabæ 16. nóvember. Litabækur, sem er liður í brunavörnum, voru svo afhentar í grunnskólum bæjarins í október og nóvember.

Ákveðið var að nóvemberfundurinn og janúarfundurinn væru sérstakir fjárfundarfundir fyrir LCIF sjóðinn. Í stað þess að kaupa að matinn, kom helmingur félaga í hvort skipti með einn rétt. Á nóvemberfundinn mætti Geirþrúður Fanney Bogadóttir, umdæmisstjóri og flutti okkur mjög gott og áhugavert erindi, Og á janúarfundinn kom Alda Hrönn Jóhannsdóttir, lögfræðingur. Hún fjallaði um heimilisofbeldi og sagði m.a. frá birtingarmyndum þess og breyttum aðferðum við greiningu. Einstaklega fróðlegt og áheyrilegt erindi.

Jólafundurinn 18. desember var haldinn í Golfskálanum í Garðabæ. Sigríður Ósk og Tinna Margrét Hrafnkelsdætur sungu jólalög við undirleik afa þeirra Pálmars Ólasonar, sem einnig stjórnaði fjöldasöng. Ása Hildur Baldvinsdóttir las jólasögu og Laufey Jóhannsdóttir flutti jólahugleiðingu. Samkvæmt venju er jólafundurinn gestafundur og var hann mjög ánægjulegur og skemmtilegur.

Sigurveig Sveinsdóttir



Farið í skólana með litabækurnar um brunavarnir. Erna Aradóttir fræddi börnin.



Geirþrúður Fanney Bogadóttir, umdæmisstjóri á nóvemberfundi og Alda Hrönn Jóhannsdóttir á janúarfundi ásamt Ingibjörgu formanni.



Á jólafundi, Stjórnarborðið og skemmtikraftarnir Tinna Margrét og Sigríður Ósk Hrafnkelsdætur.

Þekkir þú þetta merki?

Merkið sem getur bjargað lífi!

Hjálpumst að allir ættu að þekkja merkið!

medicalert.is

Lionsklúbbur Patreksfjarðar



Björgunarsveitin Blakks.



Hollvínafélag sjúkraflutningamanna.



Slökkvilið Patreksfjarðar.

1-1-2 dagurinn var haldinn hátíðlegur í Félagsheimili Patreksfjarðar þann 11. febrúar. Neyðaraðilar á svæðinu tóku höndum saman og buðu íbúum í veitingar og fræðslu. Fólk á öllum aldri mætti á staðinn til að sjá, fræðast og nærast.

Hluti af dagskránni var formleg afhending gjafa Lionsklúbbs Patreksfjarðar til Slökkviliðs Patreksfjarðar, Björgunarsveitarinnar Blakks og Hollvínafélags sjúkraflutningamanna á Patreksfirði. Samtals verðmæti þeirra gjafa sem afhendar voru formlega í gær er rúmlega 3,7 milljónir króna. Lionsklúbburinn er gríðarlega stoltur af sínu starfi og tækifærinu sem fæst í kjölfarið, að vera færir um að styrkja nærsamfélagið veglega. Mjög ánægjulegt þykir okkur

að gjafir þessar nýtast vel þegar allt er undir og jafnvel mannslíf í húfi.

Davíð Rúnar Gunnarsson slökkvistjóri tók við hitamyndavél sem nýttist einkar vel við slökkvistörf. Með tilkomu hitamyndavélarinnar verður reyköfun öruggari, fljótvirkari og árangursríkari til mannbjörgunar í eldsvoðum. Einnig hjálpar hún til við að leita af eldi inn í klæðningum og ýmsum öðrum verkum.

Í tilefni 50 ára afmælis Björgunarsveitarinnar Blakks var sveitinni færður björgunardróni. Siggeir Guðnason formaður Blakks tók við gjöfinni fyrir hönd sveitarinnar. Dróninn er af nýjustu og fullkomnustu gerð. Hann er útbúinn tveimur öflugum myndavélum, annars vegar hitamyndavél og hins vegar aðdráttamyndavél.

Ljóst er að dróninn er sá allra fullkomnasti sinner tegundar á landinu.

Sjúkraflutningamönnum á Patreksfirði var færður upplýsingarskjár. Helgi Páll Pálmason, sjúkraflutningamaður tók á móti skjánum fyrir þeirra hönd. Skjár þessi er beintengdur við Neyðarlínu. Á skjáinn fá sjúkraflutningamenn upplýsingar jafnóðum er tengist þeim sjúklingi sem á að sinna. Sem dæmi má nefna nákvæma staðsetningu sem birtist í leiðsögukerfi, mikilvægar upplýsingar úr sjúkraskrá eins og t.d. ofnæmi eða lyfjaóþol.

Er það von Lionsklúbbs Patreksfjarðar að þessar gjafir muni koma að góðum notum og vill þakka viðbragsaðilum fyrir sitt óeigingjarna starf í þágu samfélagsins.

Rauð fjöður

Helgina 5.-7. apríl stendur Lionshreyfingin fyrir sölu rauðu fjaðrarinnar um allt land. Söfnunarfénu verður varið til kaupa á lækningatækjum fyrir sykursjúka, sjónskerta og blinda. Skipulag söfnunarinnar verður með svipuðum hætti og þegar safnað var síðast. Svæðisstjórar gegna lykilhlutverki hver á sínu svæði og verður þeirra hlutverk að samræma aðgerðir klúbbanna. Stjórn Rauðu fjaðrar nefndarinnar vinnur nú að því að hnýta sem flesta lausa enda þannig að allt gangi sem best fyrir sig.

Söfnunargögn verða send á klúbba í vikunni fyrir söfnunarhelgina, á meðal söfnunargagnanna verður kynningarefni, baukar, posar og

fjaðrir til þess að selja. Ekki er fast verð á fjöðrinni en langflestir leggja fram á bilinu kr. 1-2000.

Mig langar að biðja Lionsfólk um land allt að taka höndum saman og leggja söfnuninni lið með því að taka þátt í sölu fjaðrarinnar.

Björn Guðmundsson, formaður Rauðu fjaðrar nefndar MD 109

